

LÖG

**um breytingu á ýmsum lögum til að framlengja
gildistíma bráðabirgðaákvæða um rafræna meðferð mála.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl.,
nr. 20/1991.**

1. gr.

Í stað ártalsins „2023“ í 1. og 2. mgr. 158. gr. laganna kemur: 2025.

II. KAFLI

**Breyting á erfðalögum,
nr. 8/1962.**

2. gr.

Í stað ártalsins „2023“ í ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: 2025.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð sakamála,
nr. 88/2008.**

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2023“ í 1. mgr., 1. másl. 2. mgr. og 1. másl. 3. mgr. í ákvæði til bráðabirgða X í lögnum kemur: 30. júní 2024.

IV. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð einkamála,
nr. 91/1991.**

4. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2023“ í 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 208. gr. laganna kemur: 30. júní 2024.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 2023.***Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

Guðrún Hafsteinsdóttir.